



Tengill ehf. er rótgróið og framsækið fyrirtæki sem hefur verið starfandi í yfir 27 ár. Fyrirtækið hefur á að skipa fjölbreyttu starfsfólki með viðtæka reynslu s.s. á sviði raflagna, ljósleiðaratenginga, iðnstýringa, tölvuviðgerða og margt fleira.

Hjá Tengli og dótturfyrirtæki þess, Fjölneti, starfa yfir 40 starfsmenn og er fyrirtækið með starfsemi á þremur stöðum á landinu.  
[www.tengillehf.is](http://www.tengillehf.is)

## Iðnstýringasérfræðingur – PLC Iðntölvuforritun

Tengill ehf. á Sauðárkróki óskar að ráða reyndan PLC sérfræðing í fjölbreytt og krefjandi starf.

### Starfssvið

- Iðntölvuforritun; forritun aðgerðaskjáa, skjámynda- og fjargæslukerfa
- Greining og hönnun sjálfvirkikerfa
- Bilanagreiningar
- Verkefnastjórnun og kerfisgangsetningar

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Árangursrík starfsreynsla í forritun iðntölva
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Mikil áhersla er lögð á góða þjónustu og metnað í starfi

Umsóknarfrestur er til og með 1. des nk. Umsókn ásamt ferilskrá óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is). Nánari upplýsingar um starfið veita Torfi Markússon ([torfi@intellecta.is](mailto:torfi@intellecta.is)) og Ari Eyberg ([ari@intellecta.is](mailto:ari@intellecta.is)) í síma 511 1225. **Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.**

Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir

## Viðskiptastjóri í fyrirtækjaþjónustu

VÍS leitar að öflugum viðskiptastjóra í metnaðarfullan hóp starfsmanna í fyrirtækjaþjónustu. Starf viðskiptastjóra er fjölbreytt og krefjandi þar sem áherslan er lögð á viðskiptastjórnun og framúrskarandi þjónustu við viðskiptavinum á fyrirtækjamarkaði.

Í samræmi við jafnréttisstefnu VÍS hvetjum við konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

### Starfssvið:

- Að veita framúrskarandi þjónustu til viðskiptavina á fyrirtækjamarkaði
- Greina þarfir viðskiptavina og veita faglega ráðgjöf
- Viðhalda og efla tengsl við viðskiptavinum
- Önnur tilfallandi störf sem tengjast starfinu

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af störfum á fyrirtækjamarkaði
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, metnaður og frumkvæði
- Þekking og reynsla á sviði váttrygginga eða annari fjármálastarfsemi er kostur

Nánari upplýsingar veita Agla Sigríður Björnsdóttir ([agla.bjornsdottir@capacent.is](mailto:agla.bjornsdottir@capacent.is)) og Erik Christianson Chaillot ([erik.chaillot@capacent.is](mailto:erik.chaillot@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 30. nóvember nk. og skulu umsækjendur sækja um starfið á heimasíðu Capacent, [www.capacent.is](http://www.capacent.is). Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

capacent

VÍS er nútímalegt þjónustufyrirtæki með þjónustuskrifstofur víðsvegar um landið. Markmið VÍS er að vera alltaf í fremstu röð tryggingafélaga á Íslandi og er ánægja starfsfólks og viðskiptavina lykilatriði í velgengni félagsins. Hjá VÍS starfar framúrskarandi hópur einstaklinga sem saman myndar sterka liðsheid. Mikil áhersla er lögð á að skapa starfsfólki gott starfs- umhverfi og aðstöðu til að veita viðskiptavinum góða þjónustu. VÍS vill fela starfsfólki störf við hæfi, þannig að hæfileikar þess og frumkvæði fái notið sín við áhugaverð og krefjandi verkefni.

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

vís

## Capacent Ráðningar

Ráðgjafar Capacent búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

capacent



Viðskiptastýring Símans leitar að metnaðarfullum og söluþrífnum einstaklingi til starfa. Hjá Viðskiptastýringu starfar samhentur hópur sem hefur það að markmiði að veita viðskiptavinum á fyrirtækjamarkaði framúrskarandi þjónustu.

Viðskiptastjóri ber ábyrgð á þjónustu við stóra viðskiptavini Símans á fyrirtækjamarkaði. Starfið felur í sér sölu, kynningar og þarfagreiningu fyrir fyrirtæki, ásamt tilboðs- og samningagerð, ráðgjöf og eftirfylgni. Einnig sér hann um að viðhalda viðskiptatengslum og afla nýrra.

#### Menntun og reynsla

- Háskólapróf sem nýtist í starfi æskilegt
- Reynsla af sölu og ráðgjöf æskileg
- Þekking á íslensku viðskiptalífi skilyrði
- Þekking á fjarskipta- og upplýsingatæknilausnum æskileg

#### Mikilvægir eiginleikar viðskiptastjóra

- Kraftur og frumkvæði
- Virðishugsun og rík þjónustulund
- Sjálfstæð vinnubrögð og hæfileiki til hópinnu
- Markmiðasetning og frjó hugsun

Umsóknarfrestur er til og með 4. desember nk.

Sótt er um á [siminn.is](http://siminn.is). Fyrirspurnum skal beint til Brynhildar Halldórsdóttur á netfangið [brynhildur@skipti.is](mailto:brynhildur@skipti.is).



## ERTU ON? OKKUR VANTAR STELPUR OG STRÁKA Á SAMNING

### Ertu að læra vél- eða rafvirkjun og vilt komast á spennandi samning?

Hjá Orku náttúrunnar tekur öflug sveit iðnmenntaðs fólks þátt í uppbyggingu, viðhaldi og framförum í skemmtilegu og nýjungagjörnun fyrirtæki. Í þeim hópi eru nú aðeins tvær konur. Um leið og við viljum fjölga þeim sem leggja fyrir sig iðngreinar sem koma að góðum notum við framleiðslu rafmagns og hitaveituvatns í virkjunum okkar þykir okkur líka áriðandi að konum fjölgi í þeim hópi.

Umsóknarfrestur er til og með 15. desember 2014.

Orka náttúrunnar framleiðir og selur rafmagn til allra landsmanna á samkeppnishæfu verði. Við viljum nýta auðlindir af ábyrgð og nærgætni og bæta lífsgæðin í nútíð og framtíð.

Ef þú ert iðnnemi og hefur áhuga á að komast á samning hjá okkur erum við með lausar nemastöður í:

- Vélvirkjun
- Rafvirkjun

Við höfum ákveðið að ráða jafn margar konur og karla í þessar stöður.\* Nánari upplýsingar veitir Birna Bragadóttir, starfsþróunarstjóri Orku náttúrunnar, á netfanginu [starf@on.is](mailto:starf@on.is). Þú sækir um á vefnum okkar <https://starf.or.is/on/>

\*Um er að ræða sértæka aðgerð þar sem mikið hallar á konur í iðnaðarstörfum hjá fyrirtækinu. Sjá 24. gr. laga nr. 10/2008 um jafnan rétt karla og kvenna.

ORKA NÁTTÚRUNNAR  
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · [www.on.is](http://www.on.is) · [on@on.is](mailto:on@on.is)

**on**  
ORKA NÁTTÚRUNNAR



## Aðstoðarmaður sérfræðinga

Vegna aukinna verkefna óskar Árnason Faktor eftir að ráða metnaðarfullan einstakling sem hefur áhuga á að taka þátt í spennandi verkefnum sem miða að því að tryggja sem best þekkingarverðmæti viðskiptavina okkar og afrakstur markaðs-, rannsókn- og þróunarstarfs þeirra.

### Starfssvið:

- Heimildaöflun og gagnaleit
- Skjalavistun og -stýring
- Ritvinnsla og textavinnsla á íslensku og ensku
- Samskipti við innlenda og erlenda samstarfsaðila og viðskiptamenn
- Ýmis sérhæfð skrifstofustörf

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. BA í tungumálum (ensku)
- Mjög góð enskukunnátta, æskilegt að viðkomandi hafi búið í enskumælandi landi
- Góð íslenskukunnátta
- Nákvæm og öguð vinnubrögð
- Sveigjanleiki og samstarfsvilji

Árnason Faktor veitir ráðgjöf um vernd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Megináhersla fyrirtækisins er ráðgjöf við íslenskt atvinnulíf um einkaleyfavernd, vörumerkjaskráningar, léna- og hönnunarskráningar o.fl. Árnason Faktor er til húsa á Guðríðarstíg 2-4, 113 Reykjavík. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu fyrirtækisins: [www.arnasonfaktor.is](http://www.arnasonfaktor.is)

**Umsóknarfrestur er til og með 3. desember nk.**

**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir ([helga.jonsdottir@capacent.is](mailto:helga.jonsdottir@capacent.is)) og Silja Jóhannesdóttir ([silja.johannesdottir@capacent.is](mailto:silja.johannesdottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum.

Íslensk erfðagreining er í fararbroddi rannsókna á erfðum algengra sjúkdóma. Fyrirtækið býður starfsmönnum upp á mikla möguleika á starfsþróun og símenntun í alþjóðlegu starfsumhverfi sem einkennist af nýsköpun, hugmyndavinnu og góðum starfsanda.

## Íslensk erfðagreining

óskar eftir að bæta við sig sérfræðingum

til starfa við nýja deild innan ÍE sem beitir lífefnafræðilegum og sameindalíf-fræðilegum aðferðum við að skýra áhrif erfðabreytileika á mannlíkamann.

### Verkefnastjóri

á sviði sameindalíffræði og/eða frumulíffræði

#### Hlutverk:

- Uppsetning á nýrri rannsóknarstofu í frumulíffræði hjá ÍE. Þróun á ferlum fyrir ræktun á frumum og greining á lífvirkni þeirra
- Beita sameinda- og frumulíffræðilegum aðferðum til að auka skilning á afleiðingum skilgreindra erfðabreytileika mannsins
- Handleiðsla og aðstoð við aðra starfsmenn deildarinnar

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Doktorspróf í sameindalíffræði og/eða frumulíffræði, eða skyldum greinum
- Viðtæk reynsla af rannsóknum í frumulíffræði t.d. á sviði stofnfrumurannsókna, lífvirkni frumna í rækt, „knock-out“ músa og/eða þess háttar
- Framúrskarandi samskiptahæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum er skilyrði
- Starfsreynsla úr atvinnulífinu eftir doktorspróf er kostur



### Sérfræðingur

á sviði lífefnafræði/sameindalíffræði

#### Hlutverk:

- Greining á áhrifum erfðabreytileika á frumur og vefi með líftæknilegum aðferðum
- Uppsetning og skipulagning tilrauna
- Gagnaúrvinnsla í samvinnu við aðra vísindamenn ÍE

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- M.Sc. í lífefnafræði eða sameindalíffræði eða skyldum greinum (mjög sterkir B.Sc. umsækjendur koma til greina).
- Viðamikil tæknileg þekking á algengum lífefnafræði- og sameindalíffræðilegum aðferðum
- A.m.k. 2ja ára starfsreynsla á sviði lífvísinda eftir nám
- Góð tölvu- og enskukunnátta nauðsynleg
- Góð samskiptahæfni er skilyrði

Umsóknir skulu fylltar út á [www.decode.is](http://www.decode.is) fyrir lok dags 6. desember 2014 með ferilsskrá og stuttu kynningarbréfi í viðhengi.

#### Frekari upplýsingar veitir:

Guðrún Blandon, starfsmannastjóri: [gudrun.blandon@decode.is](mailto:gudrun.blandon@decode.is)

## UPPLÝSINGATÆKNIDEILD REYKJAVÍK



Laust er til umsóknar starf upplýsingatæknistjóra Vegagerðarinnar.  
Um 100% starf er að ræða. Á upplýsingatæknideild eru starfandi tíu starfsmenn.

### Starfssvið

Ábyrgð á fjarskipta- og upplýsingatæknilegu umhverfi Vegagerðarinnar þ.m.t. stefnumótun, rekstri og öryggi upplýsingakerfa ásamt þróun og viðhaldi hugbúnaðar.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Tölvunarfræðingur/tölvuverkfræðingur eða sambærileg menntun
- Meistaragráða er æskileg
- Stjórnunarreynsla
- Gott vald á íslensku og ensku
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymi
- Frumkvæði og faglegur metnaður
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum og í samræmi við starfsmannastefnu Vegagerðarinnar eru konur sem uppfylla ofangreindar hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til 8. desember 2014. Umsóknir berist mannauðsstjóra netfang [oth@vegagerdin.is](mailto:oth@vegagerdin.is)

Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er eftir, þar með talin menntunar- og starfsferilsskrá.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jónas Snæbjörnsson, framkvæmdastjóri í síma 522 1004 og Ólöf Thorarensen, mannauðsstjóri í síma 522 1042.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



Árskógum 2, Breiðholti / Mjódd

Skógarbær er hjúkrunarheimili fyrir eldri og yngri einstaklinga sem þarfnast hjúkrunar allan sólarhringinn.

### Aðstoðardeildarstjóri

Staða aðstoðardeildarstjóra á hjúkrunardeild er laus til umsóknar frá 1. febrúar 2015. **Umsóknarfrestur er til 8. desember 2014.** Með umsókn fylgi ferilsskrá.

#### Helstu kröfur:

- Íslenskt hjúkrunarleyfi.
- Sjálfstæð vinnubrögð og skipulagshæfileikar.
- Faglegur metnaður og góð samskiptahæfni.
- Þekking og reynsla af stjórnunarstörfum æskileg.

#### Helstu þættir starfsins:

- Umsjón með verkferlum, gerð hjúkrunarferlis og framkvæmd hjúkrunar.
- Skráning hjúkrunar fer fram í Sögukerfi.
- Skráning raunverulegs aðbúnaðar íbúa fer fram í RAI-mati.

Áhugasamir vinsamlega sendið skriflega umsókn eða í tölvupósti til:

#### Jónbjörg Sigurjónsdóttir hjúkrunarforstjóri

Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ

Árskógum 2,

109 Reykjavík

[jonbjorg@skogar.is](mailto:jonbjorg@skogar.is)



Fossaleyri 17 (Grafarvogi), 112 Reykjavík  
[www.studlar.is](http://www.studlar.is) [mru@studlar.is](mailto:mru@studlar.is)

## Starfsmaður á lokaða deild Stuðla.

Vilt þú taka þátt í krefjandi og spennandi starfi með unglíngum? Um er að ræða 100% starf í vaktavinnu, aðallega á lokaðri deild en einnig á meðferðardeild Stuðla.

### Starfssvið

Á lokaðri deild felst starfið m.a. í:

- Umönnun og gæslu ungmenna
- Einstaklingsbundnum stuðningi við unglíngina á deildinni
- Fylgja eftir því verklagi sem á deildinni er ásamt skráningu upplýsinga Skráningu upplýsinga og eftirfylgd á verklagi

og á meðferðardeild, eftir því sem við á:

- meðferðarvinnu og daglegum samskiptum, við unglíngina
- samskiptum við foreldra
- vinnu að tómsundastarfi með unglíngum
- einstaklingsbundnum stuðningi við unglíngana í meðferð í samvinnu við deildarstjóra, og sálfræðinga.

### Persónulegir eiginleikar

Lögð er áhersla á persónulega eiginleika, svo sem góða samskiptahæfni, sveigjanleika, jákvætt viðhorf til skjólstæðinga, stundvísu, áhuga á meðferðarstörfum og skipulögð vinnubrögð.

### Hæfniskröfur

- BA eða BS gráða í félagsvísindum er æskileg
- Reynsla sem að mati forstöðumanns nýtist í starfi, t.d. í meðferðar-, tómsunda- eða íþróttastarfi.
- Áhugi á að vinna með unglíngum
- Umsækjendur þurfa að geta tileinkað sér þá meðferðarnálgun og verklagsreglur sem unnið er eftir á Stuðlum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og í teymi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir deildarstjóri Neyðarvistunar, Böðvar Björnsson. Einnig er hægt að fá upplýsingar hjá Þórnari Viðari Hjaltasyni, forstöðumanni Stuðla, í síma 530 8800

Með umsóknum skulu fylgja upplýsingar um menntun og fyrri störf. Við úrvinnslu umsókna um störfin gildir mat forstöðumanns Stuðla á hæfni og eiginleikum umsækjanda. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna. **Umsóknarfrestur er til 7. des nk.** og þarf umsækjandi helst að geta hafið störf sem fyrst. Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning hefur verið ákveðin.

**Umsóknir berast til Stuðla - Meðferðarstöðvar ríkisins fyrir unglíngina, Fossaleyri 17, 112 Reykjavík eigi síðar en 7. desember 2014. Auglýsingin gildir í 6 mánuði**

## TRAUSTUR LIÐSAUKI ÓSKAST TIL STARFA

LEX óskar eftir að ráða öfluga einstaklinga til spennandi og krefjandi starfa hjá einni stærstu lögmansstofu landsins.

### Aðstoðarmaður lögmanna

Aðstoðarmaður veitir lögmönnum stofunnar aðstoð og sinnir nánar skilgreindum, sjálfstæðum verkefnum. Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi mjög gott vald á íslensku og ensku ásamt góðri tölvukunnáttu. Stúdentspróf er skilyrði en frekari menntun er kostur.

### Móttökuritari

Ritari í móttöku tekur á móti viðskiptavinum, sinnir sínavörslu og aðstoðar starfsmenn stofunnar. Umsækjandi verður að hafa gott vald á íslensku og góða enskukunnáttu.

Umsóknir skal senda á [umsokn@lex.is](mailto:umsokn@lex.is) og umsóknarfrestur er til **30. nóvember nk.** Nánari upplýsingar veitir Katrín Jónasdóttir, framkvæmdastjóri LEX.

**LEX**

### LÖGMANSSTOFA

Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Fax 590 2606

Hafnarstræti 94  
600 Akureyri  
Fax 590 2680

Sími 590 2600  
[lex@lex.is](mailto:lex@lex.is)  
[www.lex.is](http://www.lex.is)

LEX er ein stærsta lögmansstofa landsins með yfir 40 lögmenn innan sinna raða og sinnir verkefnum fyrir mörg af stærstu fyrirtækjum og stofnunum landsins.

# EFLA leitar að liðsauka á Norðurlandi

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrtæki sem veitir vandaða þjónustu á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. Við lítum á öll verkefni sem tækifæri til þess að stuðla að framförum og efla samfélagið.

EFLA býður upp á afbrigðis starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheild yfir 260 samhentra starfsmanna.



## Óskum eftir að ráða véltæknifræðing eða vélaverkfræðing

- B.Sc. gráða í véltæknifræði eða vélaverkfræði er skilyrði
- Haldgóð þekking á notkun hönnunarforrita s.s. Revit, Inventor eða Solid Works er mikilvæg
- Reynsla við lagnahönnun, verkefirlit eða verkefnastjórnun er æskileg
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góðir skipulags- og samskiptahæfileikar

Aðsetur starfsmanns verður í höfuðstöðvum EFLU á Norðurlandi.

Umsóknir, með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, skulu berast í gegnum heimasíðu EFLU, [www.efla.is/umsokn-um-starf](http://www.efla.is/umsokn-um-starf), fyrir 6. desember næstkomandi. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

## Óskum eftir að ráða byggingarverkfræðing eða byggingartæknifræðing

- B.Sc. gráða í byggingarverkfræði eða byggingartæknifræði er skilyrði
- Haldgóð þekking á notkun hönnunarforrita s.s. Revit, InRoads eða Novapoint er mikilvæg
- Reynsla af hönnun samgöngumannvirkja eða veitukerfa, verkefirliti eða verkefnastjórnun er æskileg
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góðir skipulags- og samskiptahæfileikar

Nánari upplýsingar um störfín veitir Árni Sveinn Sigurðsson, svæðisstjóri EFLU Norðurlandi, [arni.sigurdsson@efla.is](mailto:arni.sigurdsson@efla.is).



EFLA HF. • HÖFÐABAKKI 9 • 110 REYKJAVÍK • 412 6000 • [www.efla.is](http://www.efla.is) • ÍSLAND • DUBAI • FRAKKLAND • NOREGUR • SVÍPJÓÐ • PÓLLAND • TYRKLAND



## VIÐ LEITUM AÐ GESTAMÓTTÖKUSTJÓRA Á ICELANDAIR HÓTEL REYKJAVÍK NATURA

Gestamóttökustjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri og starfsemi gestamóttöku hótelsins auk stjórnunarlegrar ábyrgðar gagnvart starfsfólki.

Starfið krefst mikillar færni í mannlegum samskiptum. Gerð er krafa um reynslu af hóteltörfum auk minnst 3ja ára reynslu af stjórnun. Jafnframt er gerð krafa um háskólamenntun við hæfi en framhaldsmenntun á sviði hóteltörfunar er kostur.

Við leitum að jákvæðum einstaklingi með mikla þjónustulund, metnað, góða tungumála-kunnáttu, vilja til að ná árangri og takast á við krefjandi verkefni.

Hægt er að sækja um rafrænt á heimasíðu félagsins [www.icelandairhotels.com](http://www.icelandairhotels.com) eigi síðar en 2. desember, 2014.

Nánari upplýsingar um starfið veita:  
Brynhildur Guðmundsdóttir, hóteltjóri: [binna@icehotels.is](mailto:binna@icehotels.is)  
Björk Baldvinsdóttir, sérfræðingur á starfsmannasviði: [umsoknir@icehotels.is](mailto:umsoknir@icehotels.is)

Flugleiðahótel reka tvær hóteldæjur; Icelandair Hotels og Hótel Eddu samtals 21 hótél ásamt því að reka Hilton Reykjavík Nordica. Hjá félaginu starfar samhentur hópur starfsmanna sem telur yfir 500 manns með sameiginleg skýr markmið.



Icelandair hótél Reykjavík Natura er nýlega endurbætt hótél staðsett mitt í náttúru Nauthólsvíkur og Öskjuhlíðar en hótelið ber nafn sitt í takt við umhverfið. Hótelið er með umhverfisvottun og starfar eftir gæðastöðlum í sátt við umhverfið. Á Icelandair hótél Reykjavík Natura býðst öll sú þjónusta sem gestir gera kröfu um á fyrsta flokks hóteli, hvort sem er í mat og drykk á veitingastaðnum Satt sem staðsettur er á hótelinu, í afslöppun og dekri í Sóley Natura Spa sem einnig er á hótelinu. Listum og menningu er gert hátt undir höfði á hótelinu og er reglulega boðið upp á ýmsa viðburði eins og lífandi tónlist og tískusýningar. Sérstada hótelsins og afþreyingarmöguleikar gera dvölinna að eftirminnilegri upplifun.

## Icelandair Hotels

[www.icelandairhotels.com](http://www.icelandairhotels.com)



# Aðstoðarverslunarstjóri – höfuðborgarsvæðið

Við óskum eftir að ráða öflugan aðstoðarverslunarstjóra í Vínbúð á höfuðborgarsvæðinu.

## Helstu verkefni og ábyrgð

- Þjónusta við viðskiptavinum
- Sala, birgðahald og umhirða búðar
- Fylgja eftir gæða- og þjónustustefnu fyrirtækisins
- Verkstjórn í fjarveru verslunarstjóra

## Hæfnikröfur

- Jákvæðni og rík þjónustulund
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Reynsla af verslunarstörfum er nauðsynleg
- Reynsla af verkstjórn
- Almenn tölvukunnátta er nauðsynleg og þekking á Navision kostur

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ - ÞEKKING - ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

ÁTVR rekur 48 Vínbúðir um allt land. Stefna ÁTVR er að vera framúrskarandi þjónustufyrirtæki og þekkt fyrir samfélagslega ábyrgð. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé lífandi og skemmtilegur þar sem þjónusta og samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

Starfshlutfall er 100%.

Umsóknarfrestur er til og með 8. desember nk.

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Vínbúðanna, [vinbudin.is](http://vinbudin.is)

## Nánari upplýsingar veita

Elisabet Sverrisdóttir  
[elisabet@hagvangur.is](mailto:elisabet@hagvangur.is) – 520 4700  
Kristín Guðmundsdóttir  
[kristin@hagvangur.is](mailto:kristin@hagvangur.is) – 520 4700



HAGVANGUR

## ATVINNA

Leikskólinn Heiðarsel óskar eftir deildarstjóra í 100% stöðu frá 1. janúar

Leikskólinn Heiðarsel er Heilsuleikskóli sem starfar eftir heilsustefnunni. Áhersla er lögð á hreyfingu, næringu og listsköpun í leik og starfi. Aðrir áhersluþættir leikskólans eru málörvun/læsi og stærðfræði.

## Helstu verkefni og ábyrgð:

- Að vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna samkvæmt starfslýsingu deildastjóra, þ.m.t:
- Að bera ábyrgð á uppeldis- og menntunarstarfinu sem fram fer á deildinni
- Stjórnun, skipulagning og mat á starfi deildarinnar
- Að bera ábyrgð á að unnið sé eftir skólanámskrá
- Að bera ábyrgð á foreldrasamvinnu

## Hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með börnum
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til 12. desember nk.

Við hvetjum jafnt karla sem konur til að sækja um. Sækja skal um starfið rafrænt á vef [Reykjanesbæjar](http://Reykjanesbær.is). [www.reykjanesbaer.is/stjornkerfi/laus-storf](http://www.reykjanesbaer.is/stjornkerfi/laus-storf)

Frekari upplýsingar veitir Kolbrún Sigurðardóttir leikskólastjóri í síma 420-3131/866-5936 eða [kolbrun.sigurdardottir@heidarsel.is](mailto:kolbrun.sigurdardottir@heidarsel.is)



REYKJANESBÆR  
[reykjanesbaer.is](http://reykjanesbaer.is)



# Átt þú heima hjá Nova?

Sæktu um fyrir 1. des.

## SÖLURÁÐGJAFI FYRIRTÆKJAPJÓNUSTU

Vegna aukinna umsvifa á fyrirtækjamarkaði þurfum við að bæta í hópinn og leitum við því að drifandi söluráðgjafa í fyrirtækjapjónustu. Í starfinu felst sala á farsíma- og fastlínupjónustu til fyrirtækja.

Aðeins sjálfstæður einstaklingur með mikla reynslu af sölu á fyrirtækjamarkaði kemur til greina.

## TÆKNIFULLTRÚI FYRIRTÆKJAPJÓNUSTU

Hérna leitum við að aðila með ríka þjónustulund og þolinmæði sem kann að setja tæknimál yfir á mannámál. Starfið felst í tækniþjónustu við viðskiptavinum með áherslu á fyrirtækjalausnir.

Viðkomandi þarf að hafa þekkingu á símkerfum, VoIP, SIP, á netkerfum og netbúnaði. Stúdentspróf er skilyrði. Reynsla af sambærilegu starfi og tæknimenntun eru kostir.

## VERSLUNARSTJÓRI – NOVA GLERÁRTORGI, AKUREYRI

Okkur vantar öflugan einstakling sem ber ábyrgð á daglegum rekstri í verslun Nova á Akureyri. Verslunarstjóri sinnir m.a. starfsmannámálum, fræðslu, þjálfun, vaktaplani og frammistöðumat.

Góð tölvukunnátta, rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum eru nauðsynleg. Stúdentspróf eða sambærileg menntun er skilyrði. Unnið er á vöktum.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Áhugasamir sækja um á [nova.is](http://nova.is) fyrir 1. desember.

Nánari upplýsingar veitir **Eva Ýr / [evag@nova.is](mailto:evag@nova.is)**



Stærsti skemmtistaður í heimi!



SUBWAY® er alþjóðleg keðja með yfir 40 þúsund veitingastaði í rúmlega 100 löndum. Stjarnan ehf., einkaleyfishafi Subway á Íslandi, rekur 24 Subway veitingastaði á Íslandi sem staðsettir eru víða um land. Fyrsti veitingastaður Subway á Íslandi var opnaður árið 1994. Markmið Subway um allan heim er að bjóða upp á fjölbreyttan og bragðgóðan skyndibita með hollustu að leiðarljósi. Lögð er áhersla á að matseðillinn bjóði upp á bragðgóða valkosti sem henta heilbrigðum lífsstíl. Strangt gæðaeftirlit tryggir að matvæli uppfylla ströngustu skilyrði um ferskleika og gæði.

## Verslunarstjóri

Subway leitar að öflugum einstaklingi sem hefur áhuga á að ná árangri í starfi og efla frábæran hóp. Um er að ræða framtíðarstarf þar sem gerðar eru kröfur um fagleg vinnubrögð, rekstrarþekkingu, samskiptahæfni, frumkvæði, framúrskarandi þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.

### Helstu verkefni:

Verslunarstjóri stýrir daglegum rekstri verslunar og er leiðtogi á sínum veitingastað. Starf hans er mjög fjölbreytt enda tekur verslunarstjóri þátt í öllum daglegum störfum staðarins og ber ábyrgð á starfsmannastjórnun á sínum stað. Verslunarstjóri er ábyrgur fyrir þóntunum, uppgjörum, starfsmannamálum, þjónustu og afgreiðslu ásamt öllu öðru sem tilheyrir starfinu.

### Við leitum að:

Kraftmiklum starfsmanni með reynslu og þekkingu á stjórnun og rekstri. Viðkomandi þarf að vera sveigjanlegur og víðsýnn í starfi og hafa getu til að leiða hóp starfsmanna ásamt því að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu.

Góð laun í boði og árangurstengt hvatakerfi.

### Upplýsingar veitir:

Rannveig J. Haraldsdóttir  
rannveig@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á  
www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og  
með 30. nóvember.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700  
www.hagvangur.is

## Ert þú framúrskarandi?

Creditinfo leitar að öflugum fólki til að vinna að spennandi verkefnum sem verða grunnurinn að framtíðarvexti fyrirtækisins. Við erum leiðandi fyrirtæki í traustri miðlun fjárhags- og fjölmíðla-upplýsinga og starfrækjum einn stærsta gagnabanka landsins. Við leggjum metnað okkar í að vinna með viðskiptavinum okkar til að hjálpa þeim að ná enn betri árangri. Við bjóðum vinnu í skemmtilegum og faglega sterkum hópi þar sem tækifærin eru mikil.

Gildin okkar eru **traust, kraftur og tilgangur**. Þau skilgreina hvernig við vinnum og hjálpa okkur við framkvæmd allra verkefna.

### » Gagnagrunnssérfræðingur á Upplýsingatæknisviði

Gagnagrunnssérfræðingur mun vinna náið með greiningateymi að uppbyggingu vöruhúss gagna. Hann mun leiða uppbygginguna og bera ábyrgð á réttmæti uppsetningar og áreiðanleika. Hann mun tilheyra 13 manna sérfræðiteymi á upplýsingatæknisviði.

#### Menntun / Reynsla / hæfni:

- Háskólapróf í tölvunarfræði eða sambærilegri menntun sem nýtist í starfi.
- Þekking á Microsoft SQL, SQL málinu og TSQL málinu sérstaklega
- Reynsla af uppsetningu vöruhúss gagna og þekking á OLAP æskileg

### » Kerfisstjóri á Upplýsingatæknisviði

Við leitum að úrræðagóðum samskiptasnillingi til að þjónusta notendur vegna hugbúnaðarlausna og kerfa Creditinfo. Meðal verkefna er aðstoð við viðskiptavinum vegna uppsetninga á tengingum við Creditinfo, almennur rekstur á tölvukerfum og netkerfum félagsins og uppsetningu á tölvu-, net- og hugbúnaði.

#### Menntun / Reynsla / hæfni:

- Menntun sem nýtist í starfi, t.d. kerfisfræði/kerfissjón
- Þekking á Exchange Server, Active Directory, SQL Server, netkerfum og IP símkerfum
- Þekkingu á Office hugbúnaði, þekkingu á VMWare kostur

### » Hugbúnaðarsérfræðingur á Upplýsingatæknisviði

Okkur vantar sérfræðing til að taka þátt í að hanna og þróa kerfi fyrir innlenda og erlenda starfsemi. Öll tegund forritunarþekkingar nýtist í þetta verkefni og reynsla er mikils metin. Við leitum að aðila sem er tilbúin að leggja sitt mat á allt sem við gerum, liggur ekki á þekkingu sinni og tekur þátt í því að þróa, smíða, breyta og bæta. Við vinnum eftir agile aðferðafræðinni.

#### Menntun / Reynsla / hæfni:

- Háskólapróf í tölvunarfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af forritun í .NET, C#, ASP.NET, CSS, javascript og HTML
- Þekking á Microsoft SQL, SQL og TSQL málinu er æskileg

### » Viðskiptastjóri á Viðskiptastýringar- og þróunarviði

Við leggjum áherslu á ráðgjöf með það að markmiði að nýta upplýsingar sem best í viðskiptum. Viðskiptastjórar eiga í miklum samskiptum við viðskiptavinum, þurfa að geta sett sig inn í vinnuferla þeirra og fundið lausnir. Viðskiptastjórar þurfa líka að vera talnaglökkur og geta greint notkunarmynstur í því skyni að hjálpa viðskiptavinum okkar að ná enn betri árangri.

#### Menntun / Reynsla / hæfni:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. verkfræði eða viðskiptafræði
- Reynsla úr atvinnulífinu, t.d. bankastarfsemi
- Áhugi á og reynsla af sölu

### » Þjónustufulltrúi á Gagna- og þjónustusviði

Við leitum að öflugum liðsmanni á þjónustusviði. Starfið felst í afgreiðslu og þjónustu til viðskiptavina. Meðal verkefna eru upplýsingagjöf til einstaklinga og starfsmanna fyrirtækja, uppfærsla á gögnum (innsláttur og eftirlit), almenn símsvörun og móttaka viðskiptavina og gesta.

#### Menntun / Reynsla / hæfni:

- Afburðar þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Reynsla úr atvinnulífinu, t.d. fjármálastarfsemi er kostur



Nánari upplýsingar um störfin veitir **Snorri Jónsson** starfsmannastjóri,  
snorri@creditinfo.is

Umsókn ásamt ferilsskrá skal senda á **atvinna@creditinfo.is**

#### Heiti pósts skal vísa til starfs sem sótt er um:

Þjónustufulltrúi - Kerfisstjóri - Hugbúnaðarsérfræðingur  
Gagnagrunnssérfræðingur - Viðskiptastjóri

Umsóknarfrestur er til og með 1. desember

Creditinfo var stofnað á Íslandi árið 1997. Við erum í dag hluti af Creditinfo Group sem er með 280 starfsmenn í 16 löndum, þar af 48 snillinga á Íslandi.



www.creditinfo.is

# Fjölbreytt störf á tæknisviði

Öryggismiðstöðin auglýsir eftir kraftmiklum einstaklingum í spennandi og fjölbreytt störf á tæknisviði

## Starfsmenn á tæknisviði

Starfið felst í uppsetningu og þjónustu við öryggiskerfi, s.s. innbrotaviðvörðunarkerfi, brunaviðvörðunarkerfi, slökkvikerfi, aðgangsstýringarkerfi og myndavélakerfi.

### Hæfniskröfur:

- Sveinspróf á sviði rafeindavirkjunar eða rafvirkjunar er æskilegt
- Frumkvæði, stundvísi, þjónustulund og vinnugleði
- Reynsla af sambærilegum störfum er kostur

Umsóknir með ferilskrá skal senda á netfangið [atvinna@oryggi.is](mailto:atvinna@oryggi.is), merkt „Tæknisvið“. Umsóknarfrestur er til 28. nóvember 2014.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Vakin er athygli á því að allt starfsfólk Öryggismiðstöðvarinnar þarf að skila inn sakavottorði.



Öryggismiðstöðin var stofnuð árið 1995 og býður upp á lausnir í öryggis- og velferðarmálum fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Öryggismiðstöðin hefur á síðustu fjórum árum hlotið viðurkenningu VR sem Fyrirmyndarfyrirtæki ársins.

Gildi fyrirtækisins eru forysta, umhyggja og traust.



Öryggismiðstöðin | Askalind 1 | Kópavogur | Sími 570 2400 | [oryggi.is](http://oryggi.is)

## Gleraugnaverslun

Starfsmaður óskast í fullt starf. Þarf að hefja störf sem fyrst.

Umsóknir sendist á netfangið: [box@frett.is](mailto:box@frett.is) merkt „Gleraugu“



Óskum eftir að ráða vana smiði og kranamann til starfa. Vegna framkvæmda við Mánatún

Áhugasamir eru beðnir um að hafa samband við skrifstofu okkar að Smiðshöfða 7, 110 Reykjavík, sími: 414 2400



## Operations Engineer

GreenCloud is a cloud infrastructure software solutions company, offering a full suite of tailor-made private, hybrid and public cloud deployment for enterprise organisations and colocation datacenters.

As an operations engineer in our operations team, you'll be responsible for deploying and supporting our cloud software, QStack™, for our globally-based customers.

### Skills and Experience:

- Excellent communication skills in written and verbal English
- Self motivated and able to work independently, including traveling outside of Iceland
- Ability to deliver under pressure to meet company goals
- Proven agility and flexibility to deal with a fast moving and changing business environment
- High customer service and excellent troubleshooting will be critical to your success in this role.

### Technical Experience:

- Linux, Debian
- Python
- libvirt/QEMU- KVM
- MongoDB
- Apache
- MySQL
- HAProxy
- NFS services
- RabbitMQ
- Icinga or other monitoring solutions
- Chef

Candidates with these additional skills will be considered first:

- OpenStack/ CloudStack and other cloud frameworks
- Nodejs
- logstash
- Elasticsearch
- BIND/DNSMasq
- Redis
- Docker
- nginx

If you are looking to join a fun and exciting team, and play a key role in GreenCloud's future, send your CV in English via [greencloud.com/careers](http://greencloud.com/careers) by 15 December



## UPPLÝSINGATÆKNIDEILD

### SÉRFRÆÐINGUR VIÐSKIPTALOUSNA

Össur leitar að metnaðargörnum einstaklingi til að taka þátt í uppbyggingu og rekstri viðskiptalausna í tölvudeild fyrirtækisins. Teymið vinnur í dag að innleiðingum, uppfærslum, þjónustu og samræmingu á ferlum innan allra dótturfélaga Össurar í upplýsingakerfum eins og Dynamics NAV, Dynamics CRM, Sharepoint o.fl.

### STARFSSVIÐ:

- Verkefnastjórnun
- Þarfagreining
- Umsjón með innleiðingum/uppfærslum
- Þjónusta við notendur

### HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun
- Þekking á Dynamics NAV æskileg
- Þekking á Dynamics CRM æskileg
- Að lágmarki 4 ára starfsreynsla í upplýsingatækni
- Mjög góð enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á [work@ossur.com](mailto:work@ossur.com) fyrir 2. desember næstkomandi. Vinsamlegast setjið í fyrirsögn tölvupóstsins hvaða starf er sótt um. Nánari upplýsingar veitir starfsmannadeild í síma 515 1300.



Jafnlaunaúttekt  
PwC  
2014

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja. Hjá félaginu starfa um 2200 manns í 18 löndum. Gildi félagsins eru: Heiðarleiki – Hagsýni – Hugrekki.



[WWW.OSSUR.COM](http://WWW.OSSUR.COM)



## VIÐGERÐIR - LAGERSTARF

Þjónustuaðili við fyrirtæki í mannvirkjagerð óskar eftir reglusömum og samviskusömum starfsmanni til framtíðarstarfa. Starfið felur í sér framleiðslu á íhlutum til mannvirkjagerðar, afgreiðslu á vörum til viðskiptavina, ásamt viðgerðum á litlum glussa- og rafmagnsverkfærum. Viðkomandi þarf að hafa gott vald á íslensku máli, grunnkunnáttu á tölvur hafa bílpróf ásamt því að vera stundvís og drífandi.

Áhugasamir sendi umsókn með upplýsingum um menntun, reynslu og fyrri störf ásamt launaóskum á netfangið [vinna@tagl.is](mailto:vinna@tagl.is) fyrir **5. desember 2014**.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf í 2–3. viku 2015. Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning liggur fyrir.



Íslenska

### VILTU VINNA Í KREFJANDI, LIFANDI OG SKAPANDI UMHVERFI?

Íslenska auglýsingastofan óskar eftir að ráða til sín framúrskarandi vefhönnuð.

Umsóknir ásamt ferilskrá og sýnishornum af fyrri verkefnum sendist rafrænt á [starf@islenka.is](mailto:starf@islenka.is) ekki síðar en 30. nóvember.

Íslenska hefur verið í fremstu röð íslenskra auglýsingastofa í yfir 25 ár og er stolt af því að hafa komið að kynningu öflugustu vörumerkja á Íslandi. Íslenska leggur áherslu á árangur viðskiptavina sinna og byggir öflugt skapandi starf á sterkum faglegum grunni, vandaðri ráðgjöf og markvissum rannsóknum. Íslenska er eina auglýsingastofan í hópi framúrskarandi fyrirtækja Creditinfo árið 2011, 2012 og 2013.



## Tækifæri í ferðapjónustu

Við leitum að starfsmanni í hópadeild til að sjá um sölu og skipulagningu á ferðum erlendra gesta. Nánari upplýsingar á: [www.farmholidays.is/atvinna](http://www.farmholidays.is/atvinna)

### Traust · Samvinna · Virðing · Framsýni

Metnaður er lagður í gott starfsumhverfi, góðan starfsanda sem og að veita trausta og persónulega þjónustu. Ferðapjónusta bænda er leiðandi í íslenskri ferðapjónustu og er umhugað um að starfsemi fyrirtækisins sé í sátt við menn og náttúru. Skrifstofan er EarthCheck vottuð.

Umsóknir berist fyrir 1. desember til Ferðapjónustu bænda á [atvinna@farmholidays.is](mailto:atvinna@farmholidays.is)



[www.farmholidays.is/atvinna](http://www.farmholidays.is/atvinna)



# VAKA

### Vaka hf óskar eftir starfsfólki í eftirtalin störf:

#### MÓTTAKA.

Vaka hf óskar eftir starfsmanni í móttöku, vinnutími 9:00 – 17:00

#### Hæfniskröfur:

- Gott viðmót og áhugi á að bæta sig í starfi
- Kunnáttu á Navision
- Stundvísi og snyrtimennska
- Góð mannleg samskipti
- Þjónustulund
- Öguð vinnubrögð
- Almenn tölvukunnáttu, bókhaldsreynsla kostur

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Áhugasamir sendi starfsumsókn ásamt ferilskrá á [starf@vakahf.is](mailto:starf@vakahf.is)

#### BÍLSTJÓRI.

Vaka hf. óskar eftir bílstjóra.

#### Hæfniskröfur:

- Gott viðmót og áhugi á að bæta sig í starfi
- Meirapróf
- Vinnuvélaréttindi kostur
- Stundvísi og snyrtimennska
- Góð mannleg samskipti
- Þjónustulund
- Öguð vinnubrögð

Áhugasamir sendi starfsumsókn ásamt ferilskrá á [starf@vakahf.is](mailto:starf@vakahf.is)

#### FÖRGUN / VARAHLUTAVERSLUN.

